

Stakkavík ehf.  
Kt. 480388-1519  
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 1. ágúst 2023  
Tilv.2022-11-22-2407

**Efni: Ákvörðun um sviptingu leyfis til veiða. Undirmálsaflí. Leiðrétting á aflaskráningu. Gulltoppur GK-24 (2615)**

**I. Málsatvik**

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar meint brot áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Gulltoppur GK-24, skipaskrárnúmer 2615, gegn 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 972/2022 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2022/2023 og 9. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar. Lögskráður skipstjóri var X, kt. [...].

Þann 22. nóvember 2022 voru veiðieftirlitsmenn Fiskistofu við eftirlit á Skagaströnd þegar Gulltoppur GK-24 (2615) kom til löndunar. Alls landaði skipið 5.824 kg, nettó, og var þorskur skráður sem undirmálsaflí á vigtarnótu, þ.e. 361 kg, nettó. Framkvæmd var undirmálsmælingu á kari nr. 161686 í húsnæði Fiskmarkaðs Íslands á Skagaströnd. Mældir voru 201 fiskur og þar af voru 27 fiskar á bilinu 51-53 cm (13,43% af fjölda mældra fiska), 32 fiskar yfir 53 cm (15,92% af fjölda mældra fiska). Skipstjóra var tilkynnt um niðurstöður mælingarinnar og hann upplýstur að skýrsla yrði gerð vegna ófullnægjandi flokkunar undirmáls.

**II. Lagagrundvöllur**

Í 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 972/2022 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2022/2023, sbr. 6. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, kemur fram að þorskur styttri en 50 cm teljist að hálfu til aflamarks, enda fari undirmálsaflinn ekki yfir 10% af viðkomandi tegund í veiðiferð. Undirmálsafla skal halda aðskildum frá öðrum afla og skal hann veginn sérstaklega. Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar segir að skipstjóra beri að tryggja réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns.

Brot gegn ákvæðum þessum geta leitt til þess að aflinn sem um ræðir verði færður að fullu til aflamarks, jafnframt geta þau varðað útgerðinni áminningu og sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni, skv. 15. gr. laga nr. 57/1996 sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006. Þá getur brot jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sbr. 24. gr. laga nr. 57/1996.

**III. Athugasemdir málsaðila**

Með bréfi Fiskistofu, dags. 8. mars 2023, var málsaðila tilkynnt um að málið væri tekið til meðferðar, málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og honum gefinn kostur á að koma

andmælum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög.

Þann 23. mars 2023 barst Fiskistofu tölvupóstur frá málsaðila þar sem fram kom að ekki væri gerð nein athugasemd við störf Fiskistofu í þessu tilviki, þar sem hann hafi ekki ástæðu til neins annars en að treysta störfum starfsmanna stofnunarinnar. Jafnframt kom fram að málsaðili muni brýna fyrir fólki sínu að gera betur og láta þetta ekki koma fyrir aftur.

#### **IV. Niðurstaða og rökstuðningur**

Fyrir liggur að Gulltoppur GK-24 (2615) kom til löndunar þann 22. október 2022 á Skagaströnd og landaði 361 kg af þorski sem undirmálsafla. Um undirmálsafla gildir að þorskur styttri en 50 cm telst að hálfu til aflamarks. Við undirmálmælingu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu kom í ljós að 29,35% voru yfir stærðarmörkum. Málsaðili gerði hvorki athugasemdir né mótmælti niðurstöðum mælingarinnar. Óumdeilt er því að afla sem var yfir stærðarmörkum, skv. 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 972/2022, var landað sem undirmálsafla og því skilyrði ákvæðisins ekki uppfyllt hvað varðar stærðarmörk. Framangreint leiddi einnig til þess að rangar og ófullnægjandi upplýsingar bárust til vigtarmanns, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996.

**Með framangreindri háttsemi var brotið gegn 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 972/2022 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2022/2023, sbr. 6. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar.**

Brot á umræddum lögum og reglum settum samkvæmt þeim varða viðurlögum í formi áminninga eða sviptingu veiðileyfa. Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir m.a. að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips hafa brotið gegn ákvæðum laganna. Einnig kemur fram í 2. mgr. 15. gr. laganna að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis skuli leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Jafnframt kemur fram í 3. mgr. 15. gr. laganna að við fyrsta minniháttarbrott séu hæfileg viðurlög skrifleg áminning. Við mat á því hvort um minniháttar eða meiriháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti.

Í þessu máli er litið til þess að umrætt brot var til þess fallið að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila, þar sem stærri þorski var blandað við undirmálsþorsk og vigtaður og skráður sem undirmálafla. Brotið hafi því þannig verið málsaðila eða geta orðið að honum til ávinnings með þeim hætti sem fjallað er um í 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 972/2022, þ.e. að þeim afla sem landað er sem undirmálsafla en er yfir stærðarmörkum, er færður að hálfu til aflamarks en ekki að fullu eins og skylt er að gera. Ávinningurinn felst í því að þetta hefur áhrif á magn afla sem fiskiskipi er heimilt að veiða.

Við mat á því hvort að um gáleysisbrott eða ásetningsbrott hafi verið að ræða, er litið til háttsemi áhafnar í umræddri veiðiferð og til þess að málsaðili ber ábyrgð á því að aflaskráning sé í

samræmi við þær reglur sem gilda um vigtun og skráningu afla. Af þeim afla sem flokkaður var sem undirmálsafla voru 29,65% yfir stærðarmörkum og meira en helmingur af honum var 53 cm eða stærri, þ.e. 32 þorskar og 27 þorskar voru á bilinu 51-53 cm. Samkvæmt almennum og góðum starfsvenjum ættu áhafnar meðlimir fiskiskipa að mæla þann fisk sem þeir telja vera á mörkum þess að vera undirmálsafla ef ætlunin er að skrá aflann sem slíkan. Fiskistofa telur þó að gögn málsins gefi ekki til kynna að umrætt brot hafi verið framið með ásetningi heldur að um sé að ræða gáleysisbrot.

Í ljósi þess að ekki var um mikið magn af afla sem var ranglega skráð verður brotið talið minniháttar þar sem það hefði ekki haft í för með sér mikinn ávinning fyrir útgerðina né hefur verið sýnt fram á að það hafi verið framið af ásetningi.

Málsaðili fékk skriflega áminningu dags. 20. júní 2022 vegna brots gegn reglugerð nr. 298/2020 um skráningu og skil aflaupplýsinga (*tilv. 2022-01-12-1123*) og skv. 19. gr. laga nr. 57/1996 hefur sú ákvörðun ítrekunaráhrif í tvö ár og því áhrif á ákvörðun viðurlaga fyrir það brot sem nú er til meðferðar. Að öllu jöfnu leiðir minniháttar brot til viðurlaga um skriflega áminningu en með hliðsjón af framangreindu og 19. gr. laga nr. 57/1996 kemur ekki til greina að áminna málsaðila. Að teknu tilliti til eðlis brotsins og á grundvelli þess sem framan hefur verið rakið, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar, þykja hæfileg viðurlög vera lágmarkssvipting leyfis til veiða í atvinnuskyni, þ.e. í eina viku.

Ákvörðun lá fyrir í málinu dags. 27. júlí 2023 en svipta átti Gulltopp GK-24 (2615) leyfis til veiða í atvinnuskyni frá og með 4. september 2023 og til og með 10. september 2023. Þann 1. ágúst 2023 barst Fiskistofu beiðni um flýtingu réttaráhrifa í máli þessu. Í beiðninni kom fram að óskað væri eftir því að réttaráhrifum fyrri ákvörðunar Fiskistofu yrði flýtt þannig að skipið væri án veiðileyfis í sjö daga frá og með 1. ágúst 2023 til og með 15. ágúst. Fiskistofa fellst á beiðni málsaðila og afturkallar fyrri ákvörðun dags. 27. júlí 2023, sbr. 1. tl. 1. mgr. 25. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Ný ákvörðun, dags. 1. ágúst 2023 tekur því gildi.

**Fiskistofa sviptir hér með fiskiskip málsaðila, Gulltoppur GK-24, skipaskrárnúmer 2615, leyfi til veiða í atvinnuskyni, í eina viku (7 daga) frá og með 2. ágúst 2023 og til og með 8. ágúst 2023, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, vegna brota á 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 972/2022 og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunarinnar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.**

#### *Kæruheimild*

Ákvörðun um sviptingu veiðileyfis má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgartúni 26 - 4. hæð, 105 Reykjavík, **innan eins mánaðar frá því að tilkynnt er um ákvörðunina, sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996.** Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á tölvupóstfangið [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is). Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á heimasíðu Fiskistofu í samræmi við 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.

### Leiðrétting á aflaskráningu

Þar sem þorski styttri en 50 cm. var ekki haldið aðskildum frá öðrum afla eru ekki uppfyllt skilyrði fyrir því að njóta þeirrar ívilnunar sem kveðið er á um í 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 972/2022, sbr. 6. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um að telja aflann að hálfu til aflamarks vegna smæðar. Þar sem 29,35% af mældu undirmáli voru yfir stærðarmörkum verður aflaskráning skipsins leiðrétt á þann hátt að skráður undirmálsafla í löndun 22. október 2022 verður talinn að fullu til aflamarks, þ.e. 361 kg af þorski.

#### *Kæruheimild vegna leiðréttingar á aflaskráningu*

Ákvörðun um leiðréttingu á aflaskráningu má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgartúni 26 – 4. hæð, 105 Reykjavík, **innan þriggja mánaðar frá því að tilkynnt er um ákvörðunina, sbr. 27. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.** Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á tölvupóstfangið [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is). Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.

